

FUNDARGERÐ

Hluthafafundur Stefnis hf. vegna ársins 2022 var haldinn 30. maí 2022 að heimili félagsins, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Fundurinn hófst kl. 12:20.

Setning fundar og kjör fundarstjóra

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, stjórnarformaður Stefnis, setti hluthafafund og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Íris Björk Hreinsdóttir yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Kjör fundarritara og fundur lýstur lögmætur

Íris Björk Hreinsdóttir tók við stjórn fundarins og lagði til að Fannar Freyr Ívarsson, yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt. Fundarritari tók þá þegar til við fundarritun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og mætingu. Á fundinn var mætt af hálfu hluthafa sem fara með samtals 99,93% hluta í félaginu. Þá tiltók fundarstjóri að til fundarins hefði verið boðað með tilkynningu til hluthafa félagsins í samræmi við lög um hlutafélög og samþykktir félagsins þann 24. maí 2022. Fundurinn væri því lögmætur hluthafafundur.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá fundarins

1. Kjör á stjórnarmanni

Undanfarið hafa verið gerðar töluverðar breytingar á löggjöf um sjóði. Sér í lagi með tilkomu laga nr. 45/2020, um sérhæfða sjóði og laga nr. 116/2022, um verðbréfasjóði. Hluti af þeim breytingum sem átt hafa sér stað varðar skipan stjórnar félags í sama formi og Stefnis er. Þann 1. júní nk. taka þær breytingar gildi að stjórnarmaður í stjórn Stefnis getur ekki jafnframt verið starfsmaður vörslufélags. Guðfinna Helgadóttir sem situr í stjórn Stefnis er starfsmaður móðurfélags Stefnis hf., Arion banka hf., sem jafnframt er vörslufélag Stefnis. Kom fram að af þeirri ástæðu hefur Guðfinna sagt sig úr stjórn Stefnis.

Guðmundur Jón Jónsson, kt. 041159-2439 hefur boðið sig fram til setu í stjórn Stefnis hf. þar til á næsta aðalfundi, líkt og fram kom í fundargögnum. Engin önnur framboð bárust og var nýr stjórnarmaður því sjálfkjörinn í stjórn félagsins til næsta aðalfundar.

2. Önnur mál löglega borin fram

Fundarstjóri spurði hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Engin önnur mál voru borin upp.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til handa fundarritara og fundarstjóra til að ganga frá fundargerð eftir fundinn.

Fleira gerðist ekki og sagði fundarstjóri hluthafafundi þessum slitið kl. 12:30

Reykjavík, 30. maí 2022


Íris Björk Hreinsdóttir,
fundarstjóri


Fannar Freyr Ívarsson,
fundarritari